

MITSUBISHI ELECTRIC

VARMADÆLUR

SU/MO

# MSZ-RZ SUMO

Hörkutólið við heimskautsbaug er komið aftur...
og nú enn betri!

516-2600

vorukaup@vorukaup.is

VK vörukaup

SU/MO



**MSZ-RZ SUMO**

Kuldinn verður alltaf samur við sig – en varmadælurnar frá Mitsubishi Electric verða bara betri. Ný kynslóð af SUMO hörkutólinu hefur litið dagsins ljós. Nú enn betri og vistvænni með nýjum kælimiðli.

SUMO er öflugasta loft í loft varmadælan frá Mitsubishi Electric, sérstaklega hönnuð til að hita við heimskautsbaug við nánast óbærilegan útikulda, jafnvel niður í -35 °C.

Óháð því hvort úti sé harður vetur eða heitt sumar þá sér SUMO til þess að inni sé alltaf hlýtt og þægilegt. SUMO er með hæstu orkunýtni sem völ er á í dag.

MSZ-RZ SUMO setur ný viðmið fyrir loft í loft varmadælur á norðlægum slóðum.

Þér er boðið í hóp kröfuharðra eigenda sem velja MSZ-RZ SUMO, öflugri, snjallari og tilbúin fyrir framtíðina.

R290




**MEÐ R290 FYRIR NORÐLÆGAR SLÓÐIR**

SUMO varmadælan er afrakstur japansks hugvits í heimsklassa og þrotlausra prófana við til að glíma við heimskautakulda.

SUMO er enn hljóðlátari en áður með umtalsvert umhverfisvænni kælimiðli.

Með nýrri kynslóð SUMO kveðjum við kælimiðilinn R32 og skiptum yfir í R290 sem er umtalsvert umhverfisvænni eða úr GWP gildi 675 í aðeins 3!

GWP stendur fyrir áhrif kælimiðils á hnattræna hlýnun (Global Warming Potential) þar sem áhrif koltvísýrings (CO2) á umhverfið er 1.

**HÖRKUTÓL MEÐ ORKUNÝTNI A+++**

SUMO sameinar kröfur um upphitun í miklum kulda og orkusparnaði með hárri orkunýtni.

Háhitakerfi (HyperHeating) tryggir örugga keyrslu allt niður í -35°C útihita, hitastig sem hefðbundnar varmadælur ráða ekki við.

Við prófanir við raunverulegar aðstæður í Svíþjóð fór útihitinn niður í -41,9°C. Á meðan mælitækin gáfust upp, hvert á fætur öðru, skilaði SUMO hita án vandkvæða.

SUMO er því sannarlega öflugasta loft í loft varmadælan frá Mitsubisi Electric og hárrétt val fyrir íslenskar aðstæður.









## HREINNA LOFT Í KAUPBÆTI

SUMO er búin háþróaðri loftsíu til að bæta loftgæði innandyra. Plasma Quad Plus loftsían fjarlægir allt að 99% allra agna úr umhverfinu, agnir eins og ryk, myglugró, bakteríur, veirur og aðra ofnæmisvaka.

Lykteyðandi sía bætir loftgæðin enn frekar.

SUMO er með tvöfaldri yfirborðsvörn (Dual Barrier) sem minnkar ryksækni og auðveldar þrif. Það minnkar viðhaldsþörf og lengir líftímann.



## SNJÖLL AFHRÍMING Í FIMBURKULDA

Ný og betri afhrímingartækni gerir SUMO kleyft að vinna samfellt í allt að 150 mínútur milli afhríminga eða um klukkustund lengur en hefðbundnar varmadælur. Þessi nýja tækni lágmarkar varmatap og tryggir jafnari keyrslu í miklum kulda.

Sjálfvirk afhríming sér til þess að ísmyndun skerði ekki afköst svo inni verði hlýlegt að nóttu sem degi þótt úti sé gaddur.










**HÆGLÁTA HÖRKUTÓLIÐ**

SUMO kemur með tveim hljóðlátum þrepum til að trufla ekki svefn á kyrrlátum nóttum. Samhliða kyrrð úti, lækkar SUMO í innitækinu og dimmir ljósmerkin.

Enn einn kostur nýja kælimiðilsins er þýðari gangur í útitæki og í kerfinu almennt.

SUMO skilar því öflugum hita án óþarfa hávaða.



**UMHVERFISSKANNI EYKUR ÞÆGINDIN**

I-SEE er alsjálfvirk innrauð þrívíddartækni í SUMO varmadælunni sem fylgist stöðugt með hitastigi í rýminu og getur beint loftstraumi þangað sem þörf á hverju sinni.

**VIÐ STÝRIÐ MEÐ MELCLOUD HOME**

Með MelCloud Home appinu er hægt að stjórna og fylgjast með öllu í SUMO hvaðan sem er, hvenær sem er.

Handhæg fjarstýring fylgir með SUMO en með appinu er stjórnunin tekin á næsta stig. Allt það, sem er og verður mögulegt í framtíðinni, verður í appinu.

Einnig er hægt að fylgjast með orkunotkun og sjá möguleg villuboð sem hjálpar til við greiningu, hvort heldur fyrir eiganda eða þjónustuaðila.

SUMO er varmadæla framtíðarinnar með þægindi að leiðarljósi.

MELCloud HOME









# VARMADÆLA, HÖNNUÐ FYRIR



**NÝR OG BETRI HRINGRÁSARHAMUR**
**JAFNARI DREIFING – AUKIN ÞÆGINDI**

SUMO kemur með nýjum og betri hringrásarham til að dreifa hita jafnt um rýmið, bæði lárétt og lóðrétt, án þess að valda dragsúgi.

**KAMÍNA EÐA ARINN**

SUMO varmadælan greinir hita frá öðrum hitagjöfum eins og kamínu og arin og getur dreift honum án þess að gefa frá sér hita sjálf. Það sparar orku, jafnar hitann og eykur vellíðan.






# Tækniupplýsingar

| MSZ-RZ LOFT Í LOFT VARMADÆLA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Innitæki** | | | **MSZ-RZ25VU-SC** | **MSZ-RZ35VU-SC** | **MSZ-RZ50VU-SC** |
| **Útitæki** | | | **MUZ-RZ25VUHZ-SC** | **MUZ-RZ35VUHZ-SC** | **MUZ-RZ50VUHZ-SC** |
| **HITUN** | Raunstærð (P-Design) | kW | 3,2 | 4,0 | 6,0 |
| | Áætluð ársnotkun | kWst/ári | - | 1075 | 1784 |
| | SCOP(1) | SCOP | 5,3 / A+++ | 5,2 / A+++ | 4,7 / A++ |
| | SCOP fyrir kaldar aðstæður(2) | SCOP | 4,1 / A+ | 4,1 / A+ | 3,5 / A |
| | Hitaafköst (Raun) | kW | 3,2 | 4,0 | 6,0 |
| | HámarksMestu hitaafköst (við -15°C) | kW | 4,8 | 5,3 | 7,0 |
| | Mestu hitaafköst (við -25°C) | kW | 3,2 | 4,0 | 6,0 |
| | Mestu – Minnstu hitaafköst við 7°C | kW | 0,8 - 6,3 | 1,1 – 7,0 | 1,8 – 8,7 |
| **KÆLING** | Raunstærð (P-Design) | kW | 2,5 | 3,5 | 5,0 |
| | Áætluð ársnotkun | kWst/ári | | 127 | 230 |
| | SEER(3) | SEER | 11,7 / A+++ | 9,6 / A+++ | 7,6 / A++ |
| | Kæliafköst (Raunstærð) | kW | 2,5 | 3,5 | 5,0 |
| | Minnstu – mestu kæliafköst | kW | 0,9 – 3,5 | 1,0 – 4,0 | 1,4 – 5,8 |
| **INNITÆKI** | Stærð (B x H (í keyrslu) x D) | mm | 998 x 305 x 247 | | |
| | Þyngd | kg | 14,5 | 14,5 | 14,5 |
| | Loftflæði (mest - minnst) | m3/mín | 5,1-7,8-9,5-11,7-14,1 | 5,1-7,8-9,5-11,7-14,5 | 7,8-10,7-12,5-14,7-18,2 |
| | Hljóðstyrkur SPL (mesti – minnsti) | dB(A) | 19-25-30-36-41 | 19-25-30-36-42 | 25-32-37-41-46 |
| | Hljóðstyrkur (PWL) | dB(A) | 58 | 59 | 59 |
| **ÚTITÆKI** | Stærð (B x H x D) | mm | 800 x 714 x 285 | | 840 x 880 x 330 |
| | Þyngd | Þyngd | 39,5 | 40 | 54 |
| | Mesti hljóðstyrkur (SPL) Hitun – Kæling | dB(A) | 49 / 46 | 50 / 49 | 54 / 51 |
| | Hámarksstraumnotkun | A | 9,6 | 11 | 14,8 |
| | Hæfilegt sjálfvar (öryggi) | A | 10 | 13 | 16 |
| Lægsta örugga vinnuhitastig (hita / kæla) | | °C | -35 / -10 | -35 / -10 | -35 / -10 |
| Mesta straumnotkun | | A | 9,8 | 11,2 | 15,2 |
| Lagnastærð (Vökvi x Gas) | | Tommur | 1/4” x 3/8” | 1/4” x 3/8” | 1/4” x 1/2” |
| Mesta lagnalengd milli inni- og útitækis | | m | 20 | 20 | 30 |
| Mesti hæðarmunur milli inni- og útitækis | | m | 12 | 12 | 15 |
| Rafkerfi | | V / Fas / Hz | 230 / 1 / 50 | 230 / 1 / 50 | 230 / 1 / 50 |
| Kælimiðill(4) og magn innifalið í útitæki | | kg | R290 / 0,39 | R290 / 0,39 | R290 / 0,70 |
| Mesta áfyllingarmagn kælimiðils(5) | | kg | 0,49 | 0,49 | 0,85 |
| Viðbótaráfylling | | g | 10 | 10 | 10 |
| Minnsta upphitunarrými(6) | | $m^2$ | 10 | 10 | 17 |

(1) Seasonal Coefficient of Performance. Meðalárs-nýtnisstuðull upphitunar við meðalloftslag í Evrópu (Strassburg).
(2) Seasonal Coefficient of Performance. Meðalárs-nýtnisstuðull upphitunar við kalt loftslag í Evrópu (Helsinki).
(3) Seasonal Energy Efficiency Ratio. Meðalárs-nýtnisstuðull kælingar.
(4) Kælimiðillinn R290 er með GWP gildið 3 þar sem CO2 er 1. Allt inngrip í kerfið skal framkvæmt af löggiltum aðila. GWP gildin vísa í reglugerð EU 417/2014 frá IPCC, útgáfu 4:e
(5) RZ25 og RZ35 útitækin koma með kælimiðil fyrir allt að 10 metra lagnalengd. RZ50 kemur með kælimiðil fyrir allt að 15 metra.
(6) Minnsta upphitunarrými vísar til IEC 60335-2-40 staðalsins og lágmarkslofthæð 1,8m.






R290

516-2600
vorukaup@vorukaup.is
VK vörukaup

*Með fyrirvara um mögulegar breytingar og villur*